

# AÐALFUNDUR

## 10. MARS 2022 Í HÖRPU

Stjórn Regins hf. boðar til aðalfundar félagsins í Hörpu, Rímu fundarsal, fimmtudaginn 10. mars 2022, kl. 16:00.

Boðið verður upp á streymi frá fundinum til þeirra hluthafa sem eftir því óska. Þeim hluthöfum sem kjósa að fylgjast með fundinum í gegnum streymi gefst kostur á að senda spurningar inn á fundinn með tölvupósti á [fjarfestatengsl@reginn.is](mailto:fjarfestatengsl@reginn.is). Ekki verður boðið upp á rafrænar atkvæðagreiðslur á fundinum en þeim hluthöfum sem fylgjast með fundinum í gegnum streymi gefst kostur á að senda umboðsmann á fundinn sem greiðir atkvæði fyrir þeirra hönd eða veita forstjóra félagsins umboð til þess að fara með atkvæði þeirra á fundinum. Þeir hluthafar sem óska eftir því að fylgjast með fundinum í gegnum streymi eru beðnir um að senda tölvupóst á netfangið [fjarfestatengsl@reginn.is](mailto:fjarfestatengsl@reginn.is) og þeir munu fá sendan hlekk á streymi af fundinum áður en hann hefst.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi, sbr. 15. gr. samþykktá félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum í samræmi við tillögu stjórnar þar að lútandi.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef einhverjar hafa borist.
7. Kosning félagsstjórnar.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.
10. Ákvörðun um þökun til stjórnarmanna og nefndarmanna undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir næsta kjörtímabil.
11. Önnur mál.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Óskað er eftir að umboð berist tímanlega fyrir dagsetningu aðalfundar á [fjarfestatengsl@reginn.is](mailto:fjarfestatengsl@reginn.is) og skal það vera undirritað af hluthafa eða prókúruhafa. Einnig er fundarmanni heimilt að framvísa umboði við mætingu á aðalfund en þá skal þess gætt að mæta tímanlega til að hægt sé að yfirfara umboð m.t.t. gildis þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar

áður en tvær vikur eru til aðalfundarins. Nánar um heimildir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á fundinum visast til 18. gr. samþykktá félagsins sem finna má á heimasíðu þess, [www.reginn.is/fjarfestavefur](http://www.reginn.is/fjarfestavefur).

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal um. Varðandi heimild til að krefjast hlutfalls- eða margfeldiskosningar við kjör stjórnarmanna visast til 24. gr. samþykktá félagsins, en krafa um það skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á heimasíðu félagsins.

Tillögu tilnefningarnefndar um samsetningu stjórnar, og önnur framkomin framboð, má finna á heimasíðu félagsins, [www.reginn.is/fjarfestavefur](http://www.reginn.is/fjarfestavefur). Sérstök athygli er vakin á því að samkvæmt samþykktum félagsins ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst sjö sólarhringum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 3. mars 2022. Framboðum skal skila á skrifstofu Regins hf. eða með tölvupósti á netfangið [tilnefningarnefnd@reginn.is](mailto:tilnefningarnefnd@reginn.is). Tilnefningarnefnd getur breytt tillögu sinni þar til fimm dagar eru til aðalfundar. Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Þar sem kjör tilnefningarnefndar er á dagskrá fundarins er óskað eftir framboðum í tilnefningarnefnd sem skal skipuð að minnsta kosti þremur nefndarmönnum sem skulu hafa nauðsynlega þekkingu og reynslu miðað við störf nefndarinnar. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess samkvæmt sömu reglum og gilda um óháði stjórnarmanna, sbr. lið 2.3 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Þá skal að minnsta kosti einn nefndarmaður vera óháður stórum hluthöfum félagsins, þ.e. þeim sem ráða 10% eða meira af heildarhlutafé eða atkvæðamagni í félaginu, einir eða í samstarfi við aðra sbr. lið 2.3 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Við framangreint mat er liðið heildstætt til beinna og óbeinna tengsla nefndarmanna. Framboðseyðublað og nánari upplýsingar um starfsemi tilnefningarnefndar er að finna á heimasíðu félagsins [www.reginn.is/fjarfestavefur](http://www.reginn.is/fjarfestavefur).

Gögn vegna fundarins verða aðgengileg á skrifstofu félagsins og á vefsvæði tengdu aðalfundi á heimasíðu félagsins, [www.reginn.is/fjarfestavefur](http://www.reginn.is/fjarfestavefur), en endanleg dagskrá og tillögur verða aðgengilegar a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund, sbr. 18. gr. samþykktá félagsins.

Aðalfundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogur, 16. febrúar 2022.  
Stjórn Regins hf.